

FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

1. tbl. 16. árgangur



VILTU LESA FYRIR MIG?



AÐ LESEA FYRIR BÖRNIN

Það er viss ánægja sem börn hljóta við það að hlusta á lestur. Flest börn vilja gjarnan fá að heyra sömu söguna aftur og aftur og geta verið fjót að læra hana utan að. Með endurtekningu eflast börn í að segja sjálf frá.

Þegar barn er farið að þekkja tiltekna sögu utan bókar fer það að reyna að tengja þann hluta sögunnar við orðin sem eru á blaðsíðunni. Síðar fer það að átta sig á að orð eru sett saman úr stöfum sem hver um sig hefur ákveðið hljóð. Smám saman læra börn hvernig sögur eru uppbyggðar og setningargerð þeirra. Slík kunnáttu getur síðar haft áhrif á lesskilning þeirra og færni til að skipuleggja eigin frásagnir.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn sem lesið er fyrir eigi auðveldara með að orða hugsanir sínar og segja það sem þarf að segja, en það gerir þau færari í að tjá skoðanir sínar.

TITRAR SÍMINN ?

BLIKKAR HANN, EÐA HEYRIST HLJÓÐ ?

Hér áður var helsta verkefni kennarans við að skapa vinnufríð að koma í veg fyrir að nemendur væru að masa og einbeittu sér að verkefni kennslustundarinnar. Gæti verið að í dag væru það önnur atriði sem trufluðu nám nemandans?

Samkvæmt erlendri rannsókn meðal 600 nemenda á aldrinum 13-17 ára viðurkenndu 42,5% nemenda að hafa sent skilaboð í kennslustund og yfir 50% þeirra segjast senda skilaboð oft eða stöðugt í kennslustundum.

Ótrúlega margir eða um 74% nemendanna fannst ekkert að því að senda skilaboð úr kennslustund, hugarfar sem klárlega hefur áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Önnur tölfræði í rannsókninni sem kemur manni óþægilega á óvart er að 7 af hverjum 10 nemendum hafa fengið

skilaboð frá foreldrum sínum meðan þau eru í kennslustund, jafnvel þó svo að foreldrarnir kunni stundatöfluna utanbókar. Sú almenna regla gildir í skólanum að ef nemendur þurfi nauðsynlega að tala í símann á skólatíma skulu þeir fara fram í anddyri skólans til þess.



Öll viljum við að börnin okkar nái sem bestum árangri. Öll viljum við hámarka afköst þeirra í hverri kennslustund. Öll viljum við ná sem bestum mögulegum vinnufríð sem hugsast getur. Því er mikilvægt að allir hjálpi að við að takmarka truflun.

Ég vil því biðja foreldra að draga úr "ónauðsynlegum" skeytasendingum til nemenda á skólatíma. Því þegar síminn titrar, blikkar eða gefur frá sér hljóð þá er svo freistandi að kíkja, ekki satt?

MYNDIR

Mynd á forsiðu og myndir á þessari opnu eru frá nemendum í 6. bekk úr myndmenntakennslu.



ÁSLANDSSKÓLI Á AÐ VERA

ÖRUGGUR VINNUSTAÐUR

Starf Áslandsskóla tekur mið af agakerfinu SMT (School management training) og mikil áhersla er lögð á samvinnu, ábyrgð, tillitsemi og traust. Áslandsskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Skólinn hefur skýrar reglur og vinnuferli um hvernig tekið er á einelti.

Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í Áslandsskóla. Leitað er allra leiða til að fyrirbyggja einelti og áhersla lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Skólinn okkar á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af umhyggju, ábyrgð og lífsgleði. Alltaf skal stefnt að því að nemendur læri að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir öðrum.

Einelti er ekki liðið undir neinum kringumstæðum og er litið á það sem alvarlegt brot á skólareglum.

Starfsfólk skólans berst gegn einelti með öllum tiltækum ráðum. Til þess að árangur náist er nauðsynlegt að góð samvinna sé á milli allra sem hlut eiga að máli. Starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur þurfa að standa þétt saman um að uppræta einelti. Mikilvægt þykir að allir þeir sem vitneskju hafa um eineltismál tilkynni það til skólans svo hægt sé að vinna markvisst að því að stöðva eineltið.

Æskilegt er að vitneskja um einelti berist fyrst til umsjónarkennara. Einnig er hægt að hafa samband við nemendaverndarráð skólans eða stjórnendur. Eineltismál eru mismunandi og fer vinna hvers máls eftir eðli þess. Eineltismál eru unnin eftir ákveðnu ferli í Áslandsskóla.

GARAGE BAND

Tónsköpunarforrit.

Öflugt app til að búa til stafræna tónlist, allir geta búið til lög og hljóðskrár.

Gott app til að auka sköpunargáfu. Nemendur geta deilt lögnum sínum sín á milli og notað með öðrum öppum eins og iMovies og iTunes.



HVAÐ ER EINELTI?

STÖNDUM SAMAN GEGN EINELTI

Hvað er einelti?

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri niðast á öðrum, sem á erfitt með að verjast. Einelti getur birst í ýmsum myndum þótt algengast sé að flokka það í tvo flokka, andlegt og líkamlegt.

Einelti er ofbeldi sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir þolanda og geranda. Andlegt ofbeldi, eða áreiti, hefur oft verri afleiðingar í för með sér en líkamlegt. Einelti hefur iðulega alvarleg áhrif á nám, líðan og félagsþroska einstaklinga.

Á vef skólans www.aslandsskoli.is má finna vinnuferli og tengil á verkferil Áslandsskóla gegn einelti.

Einelti getur verið:

Líkamlegt:

barsmíðar, spörk, hrindingar eða skemmdarverk

Munnlegt:

uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni

Skriflegt:

tölvuskeyti, sms-skilaboð, snapchat, blogg-síðuskrif, rafræn skilaboð og bréfasendingar

Óbeint:

baktal, útskýfun eða útilokun úr félagahópi

Efnislegt:


eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar

Andlegt:

þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algjörlega gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu.

MYNDIR

Mynd á forsíðu og myndir á þessari opnu eru frá nemendum í 6. bekk úr myndmenntakennslu.



CARGOBOT

Þessi sniðugi leikur er mjög góður undirbúningur fyrir forritunarkennslu.

Leikurinn snýst um að búa til skipanir fyrir vélmenni sem á

að raða kössum eftir ákveðinni fyrirmynd.

Þetta er fyrsti forritunarleikurinn sem var búinn til á iPad.



MÆÐRASTYRKSNEFND STYRKT NÆR 2,5 MILLJÓNIR Á 10 ÁRUM

Undanfarin tíu ár hefur skólasamfélagið í Áslandsskóla styrkt Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar með framlögum fyrir jólin.

Fulltrúar nefndarinnar komu á jólaskemmtun í Áslandsskóla, þriðjudaginn 20. desember, og tóku við framlagi úr hendi Leifs S. Garðarssonar skólastjóra.

Í ár söfnuðust 318.746.- krónur.

Á tíu árum hefur skólasamfélagið í fjallinu því styrkt Mæðrastyrksnefnd um alls 2.417.441.- krónur.

Þessi hugsun okkar til þeirra sem minna mega sín tengist einni af fjórum hornstoðum skólans, þjónustu við samfélagið.

ÚTPRENTAÐUR FLÓRGOÐI

Þetta tölublað Flórgoðans er bæði gefið út með raf-rænum hætti sem og útprentað. Öll tölublöð Flórgoðans má finna á: <http://www.aslandsskoli.is/skolinn/florgodinn/> Flórgoðinn er gefinn út með rafrænum hætti gegnum mentorkerfi skólans.

ÁVAXTASTUND

NEMENDUR Í 1. OG 2. BEKK GETA NÚ
VERIÐ Í ÁVAXTANESTISÁSKRIFT

Um síðustu mánaðamót hófst tilraunaverkefni í yngstu tveimur árgöngum skólans sem snýr að nestistíma.

JRJ

Jón Ragnar Jónsson kom í heimsókn í alla 8. bekk skólans.

Boðskapur Jóns er ekki eingöngu forvarnafræðsla gegn munn-tóbaki heldur leggur hann einnig áherslu á heilbrigðan lífstíl, samskipti og að lífa lífinu lifandi. Að lokum spilaði hann eitt lag fyrir þau.

Fræðslan var persónuleg og lifandi og náði Jón mjög vel til krakkanna.

Nú geta nemendur í 1. og 2. bekk verið í ávaxtaáskrift í nestistímanum. Foreldrar skrá sín börn inná Matartorg líkt og gert er með hádegisverðinn.

Umræðan um ávaxtastund kom upp á skólalþingi og hafa fulltrúar foreldra í skólaráði fylgt henni eftir.

Nú þegar eru yfir 70% nemenda í þessum tveimur árgöngum í ávaxtaáskrift.

Verkefnið fer því vel af stað.



Á döfinni

FEBRÚAR & MARS



FEB

Skipulagsdagur 22. feb

Vetrarfrí 23. feb

Vetrarfrí 24. feb

Bolludagur 27. feb

Sprennidagur 28. feb

MAR

Öskudagur 1. mars

Samræmd próf 7. mars

Samræmd próf 8. mars

Samræmd próf 9. mars

Samræmd próf 10. mars

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri